

Menntarannsóknasjóður

Styrkir til hagnýtra menntarannsókna 2025

Úthlutunarreglur og skilmálar

1. Hlutverk

Menntarannsóknasjóður mennta- og barnamálaráðherra styrkir hagnýtar menntarannsóknir á sviði leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og frístundastarfs. Markmið menntarannsóknasjóðs er að styrkja stoðir hagnýtra menntarannsókna, auka tækifæri til að skapa og miðla þekkingu til frampróunar og farsældar í skólastarfi og styðja við framkvæmd menntastefnu.

Menntarannsóknasjóður styrkir menntarannsóknir sem byggja á samstarfi rannsakenda við íslenska háskóla við fagfólk í skóla- og frístundastarfi. Samstarf milli vettvangs og rannsakenda varpar ljósi á hvað reynst hefur vel í skóla- og frístundastarfi og hvar þarf að gera betur til að mæta þeim áskorunum sem fyrir hendi eru í því skyni að stuðla að auknum gæðum náms og kennslu og farsæld barna og ungmenna.

Með hagnýtum menntarannsóknum er átt við rannsóknir sem:

- skapa og miðla þekkingu á viðfangsefnum leik-, grunn- og framhaldsskóla og frístundastarfs sem leiða til framfara í námi og þroska, umbóta í námi og kennslu og stuðla að farsæld barna og ungmenna,
- efla samstarf rannsakenda á sviði menntavísinda við fagfólk í skóla- og frístundastarfi.

Mennta- og barnamálaráðherra veitir styrki úr menntarannsóknasjóði árið 2025 á grundvelli 42. gr. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál.

Mennta- og barnamálaráðherra ákveður áherslusvið í samræmi við áherslur í menntastefnu 2030.

2. Úthlutunarnefnd

Ráðherra skipar sex manna ráðgefandi úthlutunarnefnd sem leggur mat á umsóknir og gerir tillögu að úthlutun. Ráðherra skipar tvo nefndarmenn án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður, einn skal vera tilnefndur af samstarfsnefnd háskólastigsins, einn af Kennarasambandi Íslands, einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn af Miðstöð menntunar og skólaþjónustu.

3. Verkefni úthlutunarnefndar

Úthlutunarnefnd leggur mat á umsóknir og gerir tillögu til ráðherra um hvernig skuli ráðstafa fjárveitingu til styrkþega. Mat á umsóknum byggir m.a. á fyrirliggjandi samstarfsfyrirlýsingu rannsakenda við skólasamfélagið, hagnýtu gildi verkefna, færni og aðstöðu umsækjenda til að framkvæma verkið og líkum á að verkefnið skili mælanlegum árangri og ávinningi fyrir íslenskt menntakerfi. Kostnaður við umsýslu skal greiddur af ráðstöfunarfé sjóðsins.

4. Auglýsing styrkumsókna

Mennta- og barnamálaráðherra auglýsir eftir umsóknum um styrki og skal auglýsing birtast opinberlega meðal annars á vef mennta- og barnamálaráðuneytis og Rannís.

Í auglýsingu skulu koma fram upplýsingar um hlutverk sjóðsins, áherslur, umsóknarfrest og hvernig sótt er um.

Frestur til að skila inn umsóknum skal að lágmarki vera 3 vikur.

5. Umsóknir

Til að umsókn teljist gild verður hún að innihalda lýsingu á áætluðum ávinningi fyrir íslenskt menntakerfi og hvernig niðurstöðum verði miðlað til skólasamfélagsins og almennings. Þá skal í umsókn eftirtalið koma fram:

- Nöfn, ferilskrár og menntun ábyrgðaaðila rannsóknar
- Rannsóknar- og kostnaðaráætlun.
- Hvort sótt hafi verið um aðra styrki fyrir verkefnið eða það hlotið aðra styrki.
- Áætlaðri birtingu rannsóknarniðurstaðna meðal annars í fagritum, skýrslum og á ráðstefnum.
- Siðfræðilegum álitamálum ef við á.

Einnig skal umsókninni fylgja undirrituð samstarfsyfirlýsing rannsakenda og fulltrúa þeirra fagaðila sem taka þátt í rannsókninni, s.s. skólastjórnenda, kennara, annars starfsfólks skóla, og frístundastarfs eða fulltrúa rekstraraðila skóla sem taka þátt í rannsókninni.

Umsóknir um styrki úr sjóðnum skulu berast Rannís með rafrænum hætti.

Um birtingu og aðgengi að rannsóknarniðurstöðum gilda ákvæði 10. gr. laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir nr. 3/2003.

Um siðfræðileg álitaefni gilda meðal annars lög um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði nr. 44/2014 og lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

6. Mat á umsóknum

Mat á umsóknum byggist á eftirfarandi atriðum:

- Greinargerð um áætlaðan ávinning fyrir íslenskt menntakerfi. Ávinningur getur meðal annars verið þekkingarlegur, umhverfislegur, hagrænn eða félagslegur.
- Upplýsingum um hvernig staðið verður að kynningu rannsóknarniðurstaðna þannig að þær nýtist í stefnumótun og framkvæmd skólastarfs í leik-, grunn- og framhaldsskólum og frístundastarfi, ásamt því að leiða til umbóta í námi og kennslu og stuðla að farsæld barna og ungmenna.
- Rannsóknarspurningum/tilgátum og markmiðum.
- Afmörkuðum verkþáttum, tengingum þeirra á milli og áætluðum tíma sem fer í hvern verkþátt.
- Þeim rannsóknaraðferðum sem notaðar eru og (faglegum/fræðilegum) rökstuðningi fyrir vali á þeim aðferðum
- Aðferðafræði við söfnun upplýsinga og mat á gögnum.
- Helstu vörðum í verk- og tímaáætlun sem marka skil á milli áfanga í verkefninu.
- Áætluðu samstarfi innan verkefnis, bæði milli ólíkra vísindamanna og rannsakenda, sem og samstarfi við starfsfólk leik-, grunn- og framhaldsskóla og frístundastarfs.
- Lýsingu á alþjóðlegu samstarfi í verkefninu ef um slíkt er að ræða.
- Upplýsingum um hvaða hlutar verkefnisins eru doktorsverkefni, við hvaða skóla og deild doktorsnemar leggja stund á námið, hver leiðbeinir og í hverju framlag þeirra er fólgið í rannsókninni.

7. Afgreiðsla umsóknar

Rannís tilkynnir umsækjendum um afgreiðslu umsókna þeirra og gengur frá skilmálum við hvern styrkþega. Styrkur greiðist út í tvennu lagi, fyrri hluti styrks (80% af styrkuppghæð) þegar gengið hefur verið frá skilmálum við styrkþega og síðari hluti styrks (20% af styrkuppghæð) þegar skilagrein um ráðstöfun styrks hefur verið samþykkt af mennta- og barnamálaráðuneyti.

Upplýsingar um styrkveitingar verða birtar á vef mennta- og barnamálaráðuneytis og Rannís.

8. Eftirlit með framkvæmd verkefna

Eigi síðar en tveimur mánuðum eftir lok verkefnis skilar ábyrgðaraðili rannsóknar Rannís greinargerð um framkvæmd rannsóknar þar sem fram koma upplýsingar um:

- a) Nýtingu styrks
- b) Miðlun niðurstaðna rannsóknar, þ.e. hvar og hvenær áætlað er að niðurstöður verði birtar
- c) Mat rannsakenda á ávinningi af verkefninu og hvernig niðurstöður geti nýst til að stuðla að auknum framförum í námi og þroska, gæðum náms og kennslu, og farsæld barna og ungmenna í skólastarfi.
- d) Samstarf milli vettvangs og rannsakenda

Heimilt er að krefja styrkþega um endurgreiðslu styrks, að hluta eða öllu leyti, ef sýnt þykir að styrkfé verði ekki nýtt í þeim tilgangi sem ætlað var eða greinargerð hefur ekki borist innan eðlilegra tímamarka.